

LANDSSAMBAND HESTAMANNAFÉLAGA

BÆNDAHÖLL • 107 REYKJAVÍK • SÍMAR 91-29899, 630325, 630300 • KT. 710169-3579



Stofnað 1949

14. fundur stjórnar L.H. haldinn í Garðaskóla í Garðabæ 27. október 1995.

Formaður setti fund kl. 10:15 árdegis. Í upphafi fundar var rætt við þingforseta 46. ársþings L.H. sem hefst kl. 13:00 í dag. Farið var yfir nokkur atriði varðandi framkvæmd þinghaldsins. Þingforsetar verða þeir Sverrir Hallgrímsson og Andreas Bergmann.

1. Sameiningarmál L.H. og HÍS.

Formaður gerði grein fyrir stöðu sameiningarmálsins þ.e. stöðu sameiningar L.H. og HÍS í ein heildarsamtök hestamanna.

Guðmundur formaður L.H. og Jón Albert Sigurbjörnsson formaður HÍS fóru á fund forseta ÍSÍ og ræddu hugmyndir um sameiningu.

Á fundi fulltrúa stjórnar L.H. og HÍS 26. okt. s.l. voru þessi mál rædd enn frekar. Fulltrúar HÍS telja að eðlilegast sé að samtökin vinni nú markvisst að sameiningu og lögðu fram á fundinum ályktun hvað þetta varðar.

Málið var rætt ítarlega og eftirfarandi tillaga samþykkt svohljóðandi:

46. ársþing L.H. haldið í Garðabæ 27. og 28. okt. 1995 samþykkir að tilnefna þrjá fulltrúa í sameiginlega nefnd með jafn mörgum fulltrúum frá HÍS í þeim tilgangi að finna leiðir til að mynda ein samtök hestamanna í landinu. Slík samtök skulu hafa að markmiði og tilgangi að sinna öllum þáttum hestamennskunnar svo sem hestamennsku sem tómstundaiðju, ræktunarmálum og keppni í hestaíþróttum í víðum skilningi.

Þessari tillögu fylgir greinargerð eftirfarandi:

Á síðasta þingi var lögð fram áfangaskýrsla skipuritsnefndar. Skýrslan var svo endanlega lögð fram á útmánuðum 1995. Formannafundur hestamannaflaganna var í maí 1995. Niðurstaða fundarins var sú, að taka upp viðræður við stjórn HÍS um málið að undangengnum formannafundi HÍS og jafnframt yrði rætt við forystumenn ÍSÍ um þessi mál, og niðurstaða þeirra viðræðna yrði lögð fyrir 46. þing L.H.

Formannafundur HÍS var haldinn í lok september og síðan var haldinn fundur með fulltrúum stjórnar L.H. og HÍS þar sem þessi mál voru rædd. Formenn samtakanna ræddu við forystumenn ÍSÍ um hugsanlega aðild sameiginlegra samtaka hestamanna að ÍSÍ hinn 20. okt. s.l. í samræmi við ályktun formannafundar L.H.

Almennt má álykta að hugur hluta hestamanna standi til sameiningar, en aðrir eru á móti, en þó eru flestir sammála um að félagskerfið þurfi að vera einfaldara og skilvirkara.

Ný samtök munu starfa innan ÍSÍ en ekki utan ef um sameiningu verður að ræða. Jafnframt má álykta að búa verði svo um hnútana að starf og uppbygging hestamannaflaganna falli að skipulagi íþróttahreyfingarinnar en svo mun ekki

vera nú að öllu leyti. Jafnframt vilji menn viðhalda ýmsum þeim þáttum, sem lögð er áhersla á nú innan félaganna s.s. hrossarækt, samgöngur, ferðamál o.fl. Í viðræðum við forsyustumenn ÍSÍ um sameiginlega aðild hestamanna að ÍSÍ komu m.a. eftirfarandi atriði fram:

Skilgreining iðkenda innan íþróttahreyfingarinnar mun vera nokkuð á reiki en þróun er í þá átt að þrengja hana. Ekki er hægt að fullyrða um hlut hestamanna í slíku ferli enda byggja númerandi tölur um hestamenn á fjölda skráðra félaga, en ekki endilega á fjölda iðkenda. (Sjá meðf. töflu.)

Félagsjöldum til heildarsamtaka mun vera hægt að viðhalda eftir ákveðnum reglum en eins og áður sagði er mikill meirihluti félagsbundinna hestamanna nú þegar innan ÍSÍ

Hvað varðar skilgreiningu keppnisgreina er ekki hægt að fá það fram nákvæmlega en áliðið var að hægt væri að finna þeim greinum sem keppt er nú í innan vébanda L.H. stað með einhverjum hætti innan vébanda ÍSÍ án þess að það verði beinlínis fullyrt.

Um þátttöku í málefnum hrossaræktar og annari starfsemi innan L.H. má að segja að heimilt gæti verið að sinna slíkum málum svo framarlega sem það brýtur ekki í bága við reglur ÍSÍ.

Miðað við númerandi stöðu mála er varðar sameiningu L.H. og HÍS í ein samtök, er rétt að spurt sé um hvað menn ætli að sameinast og á hvaða forsendum og hvernig? Þá er rétt að spurt sé hvernig menn telja að breyta eigi númerandi félagskerfi og hverjar áherslur þeirra eigi að vera við breyttar aðstæður? Á að gera öll hestamannafélög að hestaíþróttafélögum, en það þarf að gera sé farið út í breytingu af þessu tagi. Í þessu sambandi er rétt að benda á að hestamannafélög eru í eðli sínu hagsmunafélög að hluta til og er það m.a. eitt af markmiðum þeirra. Svo virðist að ágreiningur gæti komið upp um þetta atriði.

2. Kristmundur Halldórsson lagði fram eftirfarandi tillögur frá ferða- og umhverfisnefnd L.H.:

A) Tillaga um að fela stjórn sambandsins að vinna að samræmingu á merkingu á reiðleiðum.

B) Tillaga, sem snertir fjölgun hrossa á landinu.

Þá lagði Kristmundur fram fjölrít af tillögum keppnisnefndar er varða breytingar á keppnisreglum. Kristmundur hafði að eigin frumkvæði sett allar breytingar sem keppnisnefnd lagði til upp á mjög aðgengilegan hátt fyrir þingfulltrúa. Var Kristmundi þakkað þetta ágæta framtak og ákvað stjórnin að láta dreifa þessum gögnum til þingfulltrúa.

3. Formaður gerði grein fyrir fundi fulltrúa stjórnar L.H. með fulltrúum Léttis og Funa og fulltrúum framkvæmdastjórnar Melgerðismela s.f. sem haldinn var á Akureyri 13. okt. s.l.

Af hálfu stjórnar L.H. sátu fundinn Guðmundur, Guðbrandur og Halldór. Tilfefni fundarins var undirbúnингur landsmóts hestamannafélaga í Eyjafirði 1998.

Aðal umfjöllunarefni fundarins var leigugjald fyrir mótsstvæðið á Melgerðismelum vegna landsmóts þar 1998.

Eftirfarandi bókun var gerð:

"Í framhaldi af fundum stjórnar L.H. með eyfirska hestamannafélögunum 24. og 25. júní s.l. hefur verið ákveðið að afgjald fyrir mótsstvæðið verði 24% af seldum (raunseldum) aðgöngumiðum, Innifalin er leiga til landeiganda. Vegna

framkvæmda og uppbyggingar á mótssvæðinu skal miðað við að eigendur Melgerðismela beri þann kostnað (hér er átt við mannvirkjagerð, brautir, hús, girðingar, rafmagn, vatn, tjaldsvæði o.fl. sjá meðfylgjandi samning). Allt er snertir fjármál vegna reksturs landsmótsins og fjárskuldbindingar varðandi undirbúning og framkvæmd skal fylla um í framkvæmdanefnd mótsins og afgreiða með lýðræðislegum hætti".

Í lok fundarins var skrifað undir leigusamning með fyrirvara um samþykki stjórnar L.H.

Bókun fundarins á Akureyri og leigusamningurinn var ræddur og var hann samþykktur með eftirfarandi athugasemdum:

- Hver ber ábyrgð og kostnað vegna frágangs á mótssvæðinu að móti loknu?
- Hvernig ber að leysa ágreining milli aðila ef upp kemur vegna leigusamningsins?

4. Sigfús Guðmundsson tilkynnti á fundinum að hann gæfi ekki kost á sér til áfamhaldandi stjórnarsetu.

Hann þakkaði samstarfsmönnum í stjórn samstarf liðinna ára. Þá þakkaði formaður L.H. Guðmundur Jónsson Sigfúsi fyrir samstarfið og nefndi að mörgum góðum málum hefði stjórnin þokað fram á veginn undangengin ár. Tóku aðrir stjórnarmenn undir orð formanns og þökkuðu Sigfúsi samstarfið. Þá tilkynnti Sigfús að hann mundi leggja til á ársþinginu að Sigurgeir Bárðarson komi inn í aðalstjórn L.H. en Sigurgeir hefur verið í varastjórn L.H. undanfarin ár.

Petta var síðasti fundur stjórnarinnar á starfsárinu, en 46. ársþing L.H. hefst kl. 13:00 síðdegis hér í Garðaskóla.

Fleira ekki fært til bókar og sleit formaður fundi kl. 12:15.

Mættir voru:

Guðmundur Jónsson, Guðbrandur Kjartansson, Halldór Gunnarsson, Sigfús Guðmundsson, Sigbjörn Björnsson, Jón Bergsson, Kristmundur Halldórsson, Sigurgeir Bárðarson og Sigurður Þórhallsson.